

AUGLÝSING
um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá
Starfsendurhæfingar Austurlands nr. 72/2008.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

9. gr. skipulagsskrárinnar orðist svo:

Reikningsár Starfsendurhæfingar Austurlands er frá 1. janúar til 31. desember. Um reikningshald fer samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Reikningar Starfsendurhæfingar Austurlands skulu yfirfarnir af kjörnum skoðunarmönnum. Yfirfarinn ársreikningur skal lagður fyrir stjórn fyrir lok marsmánaðar. Ársreikningur skal sendur til Ríkisendurskoðunar þegar hann hefur hlotið samþykki ársfundar og skal honum fylgja skýrsla um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á árinu.

Samhliða framlagningu ársreiknings í stjórn skal forstöðumaður leggja fram skýrslu sína um starfsemi síðasta árs.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 7. apríl 2016,

Björn Hrafnkelsson.

Auður Steingrimsdóttir.